

## Frumvarp til laga

### um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003 (raforkuöryggi o.fl.).

Frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.

#### 1. gr.

Á eftir 1. gr. laganna kemur ný grein, 1. gr. a, sem orðast svo, ásamt fyrirsögn:

*Viðmið um fullnægjandi raforkuöryggi.*

Mat á raforkuöryggi á heiltsölumarkaði raforku skal byggt á eftirfarandi viðmiðum til lengri og skemmri tíma:

- Langtímaframboði orkukosta.
- Að framleiðslu- og flutningsgeta fullnægi áætlaðri aukningu í eftirspurn til næstu tveggja til fimm ára.
- Framleiðsluöryggi til eins árs.
- Rauntímaöryggi, þ.e. að sú framleiðslu- og flutningsgeta sem er þegar til staðar nýtist ávallt til að anna rauntímaeftirspurn.

Orkustofnun skal leggja mat á raforkuöryggi á heiltsölumarkaði út frá áætlaðri þróun á framleiðslugetu og eftirspurn. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að flutningsfyrirtækið annist matið að hluta eða í heild.

Sé flutningsfyrirtækinu falið að vinna mat skv. 2. mgr. að hluta eða í heild er því heimilt að krefjast gagna sem varða raforkuframleiðslu og raforkunotkun. Skylt er þeim sem stunda atvinnurekstur sem varðar framangreint að afhenda flutningsfyrirtækinu nauðsynleg gögn innan frests sem það tilgreinir.

Nánari reglur um framkvæmd mats á raforkuöryggi skulu settar í reglugerð. Í reglugerð skal m.a. nánar kveðið á um framkvæmd matsins, birtingu og hlutverk Orkustofnunar og flutningsfyrirtækisins auk skila á gögnum, tegundar þeirra, gæða og skilafrests. Þá skal í reglugerð fjallað um útfærslu viðmiða skv. 1. mgr. og skilgreiningu öryggismarka. Reglugerðin skal einnig skilgreina grunnkröfur sem gerðar eru til raforku- og aflspáa sem liggja matinu til grundvallar.

#### 2. gr.

9. mgr. 9. gr. laganna orðast svo:

Ef óviðráðanleg atvik valda því að framboð raforku fullnægir ekki eftirspurn og önnur úrræði duga ekki til ber flutningsfyrirtækinu að grípa til skömmtunar raforku til dreifiveitna og notenda. Við skömmtun skulu njóta forgangs notendur sem kaupa raforku til heimilisnota, mikilvægir samfélagsinnviðir og fyrirtæki með færri en 50 starfsmenn og ársveltu eða efna-hagsreikning sem er ekki yfir 1,5 milljörðum kr. og hafa ekki samið sérstaklega um skerðanlega notkun. Gæta skal jafnræðis við skömmtun og byggja á málefnalegum sjónarmiðum sem nánar skulu útfærð í reglugerð.

## 3. gr.

6. mgr. 16. gr. laganna orðast svo:

Ef óviðráðanleg atvik valda því að framboð raforku fullnægir ekki eftirspurn á dreifiveituvæði og önnur úrræði duga ekki til ber viðkomandi dreifiveitu að grípa til skömmtunar raforku til notenda. Við skömmtun skulu njóta forgangs notendur sem kaupa raforku til heimilisnota, mikilvægir samfélagsinnviðir og fyrirtæki með færri en 50 starfsmenn og ársveltu eða efnahagsreikning sem er ekki yfir 1,5 milljörðum kr. og hafa ekki samið sérstaklega um skerðanlega notkun. Gæta skal jafnræðis við skömmtun og byggja á málefnalegum sjónarmiðum sem nánar skulu útfærð í reglugerð.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

**1. Inngangur.**

Frumvarp þetta var lagt fram á 153. löggjafarþingi (943. mál) en náði ekki fram að ganga og er nú endurflutt með minni háttar breytingum. Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á raforkulögum, nr. 65/2003, sem miða að því að styrkja raforkuöryggi almennings og forgangsröðun í samræmi við orkustefnu sem gefin var út af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu í september 2020. Breytingarnar snúa að því að tryggja almenningi og smærri fyrirtækjum forgang komi til skömmtunar vegna óviðráðanlegra atvika, til að mynda vegna framboðs-korts. Þá er mælt fyrir um söfnun og miðlun upplýsinga varðandi raforkuöryggi á heildsölumarkaði sem og viðmið fyrir raforkuöryggi.

Með frumvarpi þessu eru stigin skref í samræmi við tillögur starfshóps sem umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra skipaði 14. janúar 2022. Hlutverk starfshópsins var að fylgja eftir tillögum í skýrslu annars starfshóps frá ágúst 2020 um orkuöryggi á heildsölumarkaði fyrir raforku. Gert er ráð fyrir að fleiri tillögur starfshópanna verði útfærðar í framhaldi af framlagningu þessa frumvarps á Alþingi.

**2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.**

Raforkuöryggi og tryggt framboð raforku eru grundvallarþættir í þjóðaröryggi Íslands og nauðsynleg forsenda fjölbreyttrar atvinnustarfsemi og jákvæðrar byggðarþróunar. Að lágmarka líkur á því að raforkuskortur komi upp er því hluti af almennri stefnu stjórnvalda á hverjum tíma jafnt í orkumálum, efnahagsmálum og byggðamálum. Á síðustu árum hefur nýting virkjana farið jafnt og þétt vaxandi. Eftirspurn hefur vaxið hraðar en sem nemur auknu framboði. Afleiðingin er minna svigrúm til að bregðast við áföllum í vinnslu- og flutningskerfi raforku eða óvæntri minnkun á framboði. Þetta getur skapað veikleika í kerfinu að því er varðar framleiðsluöryggi og nægjanlegt raforkuframboð. Það er ekki hagkvæmt að byggja upp raforkukerfi sem alfarið tryggir að engar líkur verði á raforkuskorti. Vega þarf og meta þessa þætti og skilgreina ásættanleg mörk orkuöryggis. Markmið þessa framvarps er m.a. að tryggja yfirsýn yfir stöðu á raforkumarkaði út frá skilgreindum viðmiðum. Þá verði í reglugerð skilgreind ásættanleg öryggismörk.

Starfshópar sem fjallað hafa um afhendingaröryggi raforku hafa bent á þörf á að skýra hlutverk og ábyrgð aðila á raforkumarkaði, þ.e. stjórnvalda, flutningsfyrirtækisins, dreifiveitna og söluaðila. Gildandi lög mæla ekki nægjanlega skýrt fyrir um ábyrgð og hlutverk stjórnvalda þegar kemur að fullnægjandi framboði raforku.

### 3. Meginefni frumvarpsins.

Með frumvarpinu eru lagðar til tvær breytingar á raforkulögum, nr. 65/2003, sem gerð er grein fyrir í eftirfarandi köflum.

#### 3.1. Söfnun og miðlun upplýsinga.

Ýmsar leiðir má fara til að tryggja jafnvægi í framboði og eftirspurn út frá sjónarmiðum um raforkuöryggi. Í grófum dráttum má segja að þær séu af tvennum toga. Annars vegar eru leiðir til að auka virkni heildsölumarkaðar með raforku. Hins vegar er reglusetning sem einkum lýtur að því að skýra ábyrgð og hlutverk stjórnvalda og markaðsaðila, og gefa stjórnvöldum heimildir til að bregðast við sé það nauðsynlegt til að tryggja að framboð raforku geti mætt eftirspurn. Eins og fram er komið stendur nú yfir vinna við nánari skoðun og greiningu á mögulegum heimildum stjórnvalda til að grípa inn í markaðinn með það að markmiði að tryggja raforkuöryggi.

Með þessu frumvarpi er lagt til að mælt verði fyrir um upplýsingaöflun í þeim tilgangi að leggja mat á stöðu heildsölumarkaðar raforku. Upplýsingaöflun og upplýsingagjöf er mikilvægur þáttur í því að veita markaðsaðilum upplýsingar um stöðu raforkukerfisins, m.a. hvað varðar framboð raforku. Í skýrslu starfshóps um orkuöryggi á heildsölumarkaði raforku er bent á að aukið gegnsæi í verðmyndun sé ein helsta forsenda þess að unnt sé að bæta virkni markaðarins. Auka má gegnsæi á heildsölumarkaði og smásölumarkaði, og þar með líkur á virkari markaði, með skipulegri söfnun upplýsinga og tíðri og aðgengilegri upplýsingagjöf til markaðsaðila sem gæfi þeim færi á að taka upplýstari ákvarðanir en nú. Samkvæmt reglugerð um Orkustofnun, nr. 400/2009, ber stofnuninni að tryggja söfnun upplýsinga og gera orkuspá. Hlutverk flutningsfyrirtækisins Landsnets samkvæmt raforkulögum er að vinna kerfisáætlun. Kerfisáætlun skiptist í langtímaáætlun um fyrirhugaða uppbyggingu flutningskerfisins næstu tíu árin og framkvæmdaáætlun vegna ákvarðana um fjárfestingar í flutningskerfinu næstu þrjú árin. Stjórnvöld og Landsnet afla nú þegar ýmissa upplýsinga og gera skýrslur og spár um framtíðarþróun en vinnan er dreifð og fer ekki fram í þeim skýra tilgangi að leggja mat á öruggt framboð raforku. Með þessu frumvarpi er lagt til að mælt verði fyrir um mat á fullnægjandi raforkuöryggi og viðmið þess í raforkulögum. Ábyrgð á slíku mati verði á hendi Orkustofnunar en með reglugerð megi fela flutningsfyrirtækinu Landsneti að vinna matið eða afmarkaða þætti þess. Með því að kveða á um sérstakt mat á raforkuöryggi og söfnun gagna þar um ætti að fást betri yfirsýn yfir raforkumarkaðinn sem leiðir væntanlega til betri nýtingar.

#### 3.2. Forgangsröðun við skömmtnun.

Í skýrslu starfshóps um orkuöryggi á heildsölumarkaði fyrir raforku er bent á að veita mætti heimilum og smærri fyrirtækjum forgang ef til skömmtnunar kemur vegna skorts á framboði, hvort sem hann er vegna markaðsbrests eða skyndilegs samdráttar í framleiðslu af öðrum ástæðum. Leggur starfshópurinn til að grunnsjónarmið vegna skömmtnunar verði bundin í lög.

Í 9. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, um skyldur flutningsfyrirtækisins (Landsnets), kemur fram að ef ófyrirséð og óviðráðanleg atvik valda því að framboð raforku fullnægi ekki eftirspurn beri flutningsfyrirtækinu að grípa til skömmtnunar. Við skömmtnun skal gæta jafnræðis og byggja á málefnalegum sjónarmiðum sem nánar skuli útfærð í reglugerð. Sambærilegt ákvæði er að finna í 6. mgr. 16. gr. laganna sem varðar dreifiveitur. Í ákvæðunum er ekki tryggt að almenningi beri að njóta forgangs við skömmtnun. Í 4. gr. reglugerðar nr. 513/2003, um kerfisstjórnun í flutningskerfinu, segir að kerfisstjóri skuli setja sér reglur um hvernig skömmtnun skuli háttáð. Við setningu reglna um skömmtnun skal gæta jafnræðis og leitast við að tryggja að skömmtnun valdi sem minnstri röskun á samfélagslegum hagsmunum. Skal m.a.

leitast við að tryggja raforku til þeirra fyrirtækja og stofnana sem veita almenningi bráðabjónustu og tryggja öryggi borgara og allsherjarreglu. Í reglugerð nr. 1040/2005, um framkvæmd raforkulaga, er dreifiveitum falið að útfæra reglur um skömmtnun. Segir í þeim efnunum að reglurnar skuli útfærðar þannig að jafnræðis verði gætt og að skömmtnun valdi sem minnstri röskun á samfélagslegum hagsmunum. Skuli m.a. leitast við að tryggja raforku til þeirra fyrirtækja og stofnana sem veita almenningi bráðabjónustu og tryggja öryggi borgara og allsherjarreglu, sbr. 3. mgr. 23. gr. reglugerðarinnar. Í orkustefnu fyrir Ísland segir að þegar komi að forgangsröðun orkuframboðs, hvort sem er til lengri eða skemmri tíma, skuli almenn-ingur og þjónusta í almannabágu ávallt njóta forgangs umfram aðra hagsmuni.

Með frumvarpinu er því lagt til að forgangur almennings og smærri fyrirtækja í tilviki skömmtnunar verði bundinn í lög. Sérstaklega verði tekið fram að almennir heimilisnotendur, mikilvægir samfélagsinnviðir og fyrirtæki með færri en 50 starfsmenn og ársveltu eða efna-hagsreikning allt að 1,5 milljörðum kr. og hafa ekki samið sérstaklega um skerðanlega notkun skuli njóta forgangs komi til skömmtnunar. Tekið er mið af ákvæðum tilskipunar Evrópu-þingsins og ráðsins 2009/72/EB um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku og um niðurfellingu á tilskipun 2003/54/EB þar sem mælt er fyrir um skyldu aðildarríkja til að tryggja öllum heimilisnotendum alþjónustu, þ.e. rétt á að fá afhenta raforku af ákveðnum gæðum á sanngjörnu verði sem er gegnsætt, auðveldlega samanburðarhæft og felur ekki í sér mismunun. Samkvæmt tilskipuninni skulu aðildarríki tryggja að á yferráðasvæði þeirra eigi allir viðskiptavinir sem kaupa raforku til heimilisnota rétt á alþjónustu og, eftir því sem aðildarríkin telja rétt, lítil fyrirtæki, þ.e. fyrirtæki með færri en 50 starfsmenn og ársveltu eða efna-hagsreikning sem er ekki yfir 10 millj. evra. Eftir sem áður er gert ráð fyrir því að skömmtnun sé þrautavaraúrræði og verði ekki beitt nema önnur úrræði dugi ekki til, svo sem keyrsla vara-afllstöðva eða önnur úrræði sem standa til boða hverju sinni.

#### **4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.**

Tillögur frumvarpsins eru í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar en þar ber helst að nefna tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/72/EB um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku og um niðurfellingu á tilskipun 2003/54/EB. Tilskipunin var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/20187 frá 5. maí 2017 og er innleidd í raforkulögum, nr. 65/2003. Ýmis ákvæði tilskipunarinnar snerta afhendingaröryggi raforku. Þannig mælir tilskipunin fyrir um skyldu aðildarríkja til að tryggja öllum heimilisnotendum og, eftir því sem aðildarríkin telja rétt, litlum fyrirtækjum (nánar tiltekið fyrirtækjum með færri en 50 starfsmenn og ársveltu eða efnahagsreikning sem er ekki yfir 10 millj. evra) alþjónustu, þ.e. rétt á að fá afhenta raforku af ákveðnum gæðum á sanngjörnu verði sem er gegnsætt, auðveldlega samanburðarhæft og felur ekki í sér mismunun. Í 4. gr. tilskipunarinnar er lögð skylda á ríkin að tryggja að fylgst sé með þróun mála vegna afhendingaröryggis. Ríkjum ber að tryggja að safnað sé upplýsingum um þróun framboðs og eftirspurnar og fyrirhugaða viðbótarframleiðslugetu.

#### **5. Samráð.**

Frumvarpið var unnið í umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu í samráði við Orku-stofnun og Landsnet og jafnframt tekið mið af opnu samráði í samráðsgátt stjórnvalda.

Frumvarpinu er ætlað að framfylgja hluta af tillögum starfshóps sem skipaður var 14. janúar 2022. Hlutverk starfshópsins var að fylgja eftir skýrslu annars starfshóps frá ágúst 2020 um orkuöryggi á heildsölumarkaði raforku.

### 5.1. Áform um lagasetningu.

Áform um lagasetninguna voru kynnt í samráðsgátt stjórnvalda 13. febrúar 2023 með frest til að veita umsagnir til 27. febrúar 2023 (mál nr. S-34/2023). Umsagnir bárust frá Sveitarfélaginu Skagafirði, Samtökum iðnaðarins, Bændasamtökum Íslands, Rarik ohf., Landsvirkjun, Storm orku ehf og Samorku. Þá bárust þrjár umsagnir frá einstaklingum. Í umsögnum er að miklu leyti tekið undir mikilvægi þess að skýra nánar hlutverk aðila á raforkumarkaði. Nokkuð er komið inn á mikilvægi uppbyggingar í flutningskerfinu og þörf á aukinni orkuöflun, m.a. að teknu tilliti til orkuskipta. Einnig er fjallað um mikilvægi þess að hagsmunir almennings verði tryggðir. Mikilvægt sé að auka áherslu á upplýsingagjöf til að auka fyrirsjáanleika á markaði fyrir heimili og smærri fyrirtæki. Íslenski raforkumarkaðurinn sé einangraður og byggist að stærstu leyti á vatnsorku. Mikilvægt sé að kerfið nýtist sem best, t.d. með samningum um skerðanlega orku. Ráðuneytið telur að taka megi undir framangreind sjónarmið að því marki sem þau rúmast innan viðfangsefnis þess.

### 5.2. Umsagnir til ráðuneytisins.

Drög að frumvarpi voru kynnt í samráðsgátt stjórnvalda hinn 28. febrúar 2023 með frest til að veita umsagnir til 14. mars 2023 (mál nr. S-48/2023). Umsagnir bárust frá Landvernd, Samtökum iðnaðarins, Neytendasamtökunum, Orku náttúrunnar ohf., Veitum ohf., Landsvirkjun, Landsneti, Viðskiptaráði Íslands, HS orku og Samorku. Þá bárust þrjár umsagnir frá einstaklingum. Varðandi ákvæði um forgangsröðun í skömmtnu komu fram ýmis sjónarmið. Ákvæðið eins og það var sett fram í samráðsgáttinni fól í sér forgang notenda sem ekki teldust til stórnotenda. Í nokkrum umsögnum er tekið undir sjónarmið um að almenningur skuli njóta forgangs komi til skömmtnunar. Einnig er hins vegar gagnrýnt að ákvæðið eins og það var sett fram í samráði gæti falið í sér hvata til að viðhalda nýtingu undir viðmiðum stórnotenda og að nánar þurfi að skilgreina þann hóp sem njóta skal forgangs komi til skerðinga. Þá er einnig í umsögnum bent á að í drögunum skorti umfjöllun um hlutverk dreifiveitna hvað varðar skömmtnu.

Í ljósi framangreindra athugasemda hafa þær breytingar verið gerðar að nánar er skilgreindur sá hópur sem hafa ber í forgangi komi til skömmtnunar. Tekið er mið af orkustefnu fyrir Ísland og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/72/EB um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku og um niðurfellingu á tilskipun 2003/54/EB. Þannig eru sérstaklega tilgreindir almennir heimilisnotendur, mikilvægir samfélagsinnviðir og fyrirtæki með færri en 50 starfsmenn og ársveltu eða efnahagsreikning sem er ekki yfir 1,5 milljörðum kr. og hafa ekki samið sérstaklega um skerðanlega notkun. Bent er á að reglugerð um kerfisstjórnun í raforkukerfinu nr. 513/2003 gerir ráð fyrir að flutningsfyrirtækið setji sér reglur um skömmtnu. Við setningu reglna um skömmtnu skuli gæta jafnræðis og leitast við að tryggja að skömmtnu valdi sem minnstri röskun á samfélagslegum hagsmunum. Skal m.a. leitast við að tryggja raforku til þeirra fyrirtækja og stofnana sem veita almenningi bráðaþjónustu og tryggja öryggi borgara og allsherjarreglu. Þá er í reglugerð um framkvæmd raforkulaga nr. 1040/2005 að finna sambærilegt ákvæði gagnvart dreifiveitum. Þannig felur breytingin í sér að í lögum sé sérstaklega mælt fyrir um skyldu flutningsfyrirtækisins og dreifiveitna til að gera þessum hópi hærra undir höfði í reglum sínum um skömmtnu.

Hvað varðar ákvæði um mat á fullnægjandi raforkuöryggi varða efnislegar athugasemdir í umsögnum fyrst og fremst hlutverk flutningsfyrirtækisins og Orkustofnunar. Í drögum þeim sem kynnt voru til samráðs var gert ráð fyrir því að flutningsfyrirtækið bæri ábyrgð á söfnun og miðlun upplýsinga um stöðu heildsölumarkaðar. Ráðuneytið bendir á að mat á raforku-

öryggi þarf að ná allt frá tiltækileika framtíðarorkukosta til rauntímaöryggis. Hlutverk Orkustofnunar er að fylgjast með og hafa eftirlit með raforkuöryggi og í því felst að meta líkur á orku- og aflskorti. Hlutverk flutningsfyrirtækisins er að bera ábyrgð á öruggri stýringu raforkukerfisins og að tryggja öryggi og gæði við raforkuafhendingu en í slíkri kerfisþjónustu felst m.a. að stilla saman raforkuvinnslu og raforkuþörf. Þá birtir flutningsfyrirtækið reglulega skýrslu um afl- og orkujöfnuð í þeim tilgangi að leggja mat á væntan jöfnuð á milli orkuframleiðslugetu og orkunotkunar næstu 5 ár.

Með vísan til framangreinds hefur verið gerð sú breyting að ábyrgðin á framkvæmd mats á raforkuöryggi verði falin Orkustofnun en jafnframt að með reglugerð verði heimilt að fela flutningsfyrirtækinu slíkt mat að hluta eða í heild. Þá hefur verið gerð sú breyting að vísa í 1. tölul. ákvæðisins til nægs framboðs orkukosta til lengri tíma í stað næstu 5–10 ára. Æskilegt er að geta litið til spálíkana til lengri tíma, svo sem orkuskiptalíkans Orkustofnunar.

### 5.3. Umsagnir til atvinnuveganefndar.

Frumvarpið var sent til umsagnar af hálfu atvinnuveganefndar við meðferð þess á Alþingi og bærust nefndinni sjö umsagnir. Í umsögnum til nefndarinnar koma fram sjónarmið um að með frumvarpinu séu skýrð hlutverk aðila í venjulegum rekstri raforkukerfisins en í framhaldinu þurfi að skoða aðra þætti sem snúa að viðbrögðum við atburðum í flutningskerfinu. Fram koma sjónarmið um að mat á framboði og eftirspurn hafi hingað til verið á höndum Orkustofnunar en með frumvarpinu sé lagt til að verkefnið verði fengið Landsneti. Er hlutleysi Landsnets dregið í efa í ljósi þess að fyrirtækið hafi nýverið stofnað sérstakt dótturfyrirtæki sem hafi það hlutverk að reka heildsölumarkað á Íslandi.

Ráðuneytið bendir því á að mat á raforkuöryggi er ekki það sama og raforkuspá, hér er um að ræða nýtt verkefni eins og fjallað hefur verið um í greinargerð þessari. Í umsögnum er jafnframt að finna gagnrýni á að ekki sé gengið lengra með tillögunum og vísað er til síðari starfshópsins í því samhengi. Hér skal jafnframt vísað til yfirstandandi vinnu. Þá koma fram sjónarmið um að áhersla stjórnvalda ætti frekar að vera á aukið framboð raforku heldur en að leita leiða til að skammta raforku. Ráðuneytið bendir á að viðfangsefni þessa frumvarps er aukið raforkuöryggi en jafnframt er unnið markvisst að auknu framboði af raforku á vettvangi stjórnvalda. Fram koma sjónarmið um að mikilvægt sé að fjalla nánar um þau óviðráðanlegu atvik sem breytingarnar á 9. og 15. gr. raforkulaganna eiga að taka til. Til álita komi hvort núverandi ástand orkumála hér á landi flokkist sem óviðráðanlegar aðstæður. Þá sé því ósvarað hversu lengi viðkomandi heimild vari, hvenær heimilt sé hefja skerðingar og hvenær því ástandi ljúki. Að mati ráðuneytisins er ljóst að um er að ræða ráðstafanir sem virkjast komi til þess að flutningsfyrirtækið eða dreifiveitur þurfi að grípa til skömmtnar en slíkri ráðstöfun er, eins og áður, ætlað að tryggja rauntímaafhendingaröryggi.

## 6. Mat á áhrifum.

Með frumvarpinu er almenningi, þjónustu í almannabágu og smærri fyrirtækjum tryggður forgangur, hátti svo ólíklega til að grípa þurfi til skömmtnar raforku. Eftir sem áður er gert ráð fyrir því að skömmtnun sé þrautavaraúrræði sem ekki verði beitt nema önnur úrræði dugi ekki til. Grunnsjónarmið vegna skömmtnunar koma fram í reglugerð en í samræmi við tillögur starfshóp er lagt til að þau verði sett í lög. Þá er í frumvarpinu kveðið á um sérstakt mat á raforkuöryggi og söfnun gagna þar um. Eflid upplýsingagjöf er til þess fallin að auka fyrir-sjáanleika og yfirsýn á raforkumarkaði sem leiðir væntanlega til betri nýtingar og virkni á

markaði. Einnig er efld upplýsingagiöf mikilvægur undanfari frekari aðgerða til að auka raforkuöryggi. Frumvarpið hefur ekki fjárhagsáhrif á ríkissjóð, almenning eða fyrirtæki.

*Um einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að mælt verði fyrir um mat á fullnægjandi raforkuöryggi á heildsölumarkaði og viðmið þess. Með því er átt við raforkumarkaðinn í heild sinni utan smásölu. Ábyrgð á slíku mati verði á hendi Orkustofnunar en með reglugerð megi fela flutningsfyrirtækinu Landsneti að vinna matið eða afmarkaða þætti þess. Í 3. mgr. er mælt fyrir um heimild flutningsfyrirtækisins til gagna- og upplýsingaöflunar verði því falið að vinna matið að hluta eða í heild. Um heimildir Orkustofnunar til gagna- og upplýsingaöflunar fer samkvæmt lögum um Orkustofnun. Markmið með slíkri söfnun og miðlun er aukin virkni heildsölu- og smásölumarkaðar og að hægt sé að leggja mat á stöðu orkuöryggis. Með auknu gagnsæi í heildsölu og smásölu eru jafnframt auknar líkur á virkari raforkumarkaði sem stuðlar að auknu orkuöryggi. Í reglugerð verði mælt nánar fyrir um framkvæmd mats á raforkuöryggi. Þar verði m.a. nánar kveðið á um framkvæmd matsins, birtingu, verkaskiptingu Orkustofnunar og flutningsfyrirtækisins auk skila á gögnum, tegundar þeirra, gæða og skilafrests. Þá verði í reglugerð fjallað um útfærslu viðmiða raforkuöryggis og skilgreiningu öryggismarka, þ.e. tæknilegra mælikvarða vegna raforkuöryggis. Reglugerðin skal einnig skilgreina grunnkröfur sem gerðar eru til raforku- og aflspáa sem liggja matinu til grundvallar. Vísast að öðru leyti til umfjöllunar í kafla 3.1.

Um 2. og 3. gr.

Með ákvæðum 2. og 3. gr. er lögð til breyting á orðalagi í ákvæði 9. mgr. 9. gr. og 6. mgr. 16. gr. laganna. Í síðarnefndu ákvæðunum er fjallað um skömmtnun raforku þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, þ.e. ófyrirséðir og óviðráðanlegir atburðir. Ekki er í gildandi lögum að finna fyrirmæli um forgangsröðun í tilvikum skömmtnunar en tekið er fram að við skömmtnun skuli gæta jafnræðis og byggja á málefnalegum sjónarmiðum. Þó kemur fram í reglugerð um kerfisstjórnun í raforkukerfinu nr. 513/2003 að kerfisstjóri skuli setja reglur um hvernig skömmtnun skuli háttáð. Við setningu reglna um skömmtnun skal gæta jafnræðis og leitast við að tryggja að skömmtnun valdi sem minnstri röskun á samfélagslegum hagsmunum. Þá er í reglugerð um framkvæmd raforkulaga nr. 1040/2005 að finna sambærilegt ákvæði gagnvart dreifiveitum. Lagt er til að fram komi í ákvæðinu að komi til skömmtnunar skuli njóta forgangs notendur sem kaupa raforku til heimilisnota, mikilvægir samfélagsinnviðir og fyrirtæki með færri en 50 starfsmenn og ársveltu eða efnahagsreikning allt að 10 millj. evra og hafa ekki samið sérstaklega um skerðanlega notkun. Höfð er hliðsjón af ákvæðum tilskipunar 2009/72/EB. Þannig felur breytingin í sér að í lögum sé sérstaklega mælt fyrir um skyldu flutningsfyrirtækisins og dreifiveitna til að gera þessum hópi hærra undir höfði í reglum sínum um skömmtnun.

Jafnframt er lagt til að ákvæðin verði ekki bundin við ófyrirséð atvik enda kann skortur á framboði vegna umframeftirspurnar að vera fyrirséður og jafnvel viðvarandi án þess að grípa þurfi til skömmtnunar. Eftir sem áður er gert ráð fyrir því að skömmtnun sé þrautavaraúrræði og verði ekki beitt nema önnur úrræði dugi ekki til, svo sem keyrsla varaafstsstöðva eða önnur úrræði sem standa til boða hverju sinni.

Að öðru leyti er vísað til umfjöllunar í kafla 3.2.

Um 4. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.